

Innra mat í Grunnskólanum á Ísafirði skólaárið 2015-16

LÍÐAN OG ÞARFIR NEMENDA, FORELDRAKÖNNUN, SKÓLAPÚLS,
RANNSÓKNIR OG GREINING OG STARFSMANNAKÖNNUN

Jóna Benediktsdóttir
ER ÁBYRGÐARADILI SKÝRSLU

Efnisyfirlit

Samantekt	2
1. Um Grunnskólann á Ísafirði	3
2. Inngangur	4
3. Markmið	4
4. Aðferð	5
5. Viðmið	6
6. Niðurstöður	6
1.-3. bekkur	6
4.-6. bekkur	17
7.-9. bekkur	22
Skólapúlsinn - nemendakönnun	27
Skólapúlsinn - foreldrakönnun	37
Foreldrakönnun um heimanám og viðmót stjórnenda	53
7. Umræða	67
Yngsta stig	67
Miðstig	68
Unglingastig	68
Skólapúlsinn - nemendakönnun	69
Skólapúlsinn - foreldrakönnun	70
Foreldrakönnun um heimanám og viðmót stjórnenda	70
8. Umbótaáætlun	71
Yngsta stig	72
Miðstig	73
Unglingastig	73
Skólapúlsinn - foreldrakönnun	73
Foreldrakönnun um heimanám og viðmót stjórnenda	74
Fylgiskjöl	75
I) Nemendakönnun fyrir yngsta stig	75
II) Nemendakönnun fyrir miðstig	77
III) Nemendakönnun fyrir unglingastig	79
IV) Foreldrakönnun	83

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um matsverkefnin „Líðan og þarfir nemenda“ sem er eina matsverkefnið sem tekið er fyrir á hverju ári í skólanum, niðurstöður úr könnunum Skólapúlsins, endurskoðun á heimanámsstefnu skólans og upplifun foreldra af viðmóti stjórnenda.

Meginmarkmið þessarar verkefna eru:

- I) Að afla upplýsinga um samskipti milli nemenda og líðan þeirra í skólanum.
- II) Að fá upplýsingar um samskipti yngri nemenda við kennara sína.
- III) Að fá í hendur áþreifanlegar niðurstöður um samskipti milli nemenda til umræðu með nemendum.

Þessar niðurstöður hafa verið teknar til umræðu í öllum bekkjum.

- IV) Að afla upplýsinga frá nemendum um upplifun þeirra af einelti í skólanum.
- V) Að skoða hvernig svör nemenda GÍ eru í samanburði við svör annarra nemenda sem taka þátt í Skólapúlsinum og hvernig frávík skólans frá landsmeðaltali þróast milli ára.
- VI) Að skoða hvernig svör foreldra barna í GÍ eru samanborið við svör barna í viðmiðunarhópum Skólapúlsins í spurningum sem eiga við um alla nemendur eða alla nemendur á ákveðnu stigi.
- VII) Að afla upplýsinga um tíma sem nemendur nota til heimalesturs og hvernig foreldrum gengur að fylgjast með heimalestri barna sinna.

Var eitthvað fleira ?????

1. Um Grunnskólann á Ísafirði

Skólinn heitir Grunnskólinn á Ísafirði og er að Austurvegi 6, Ísafirði. Skólaárið 2015-2016 voru skráðir 327 nemendur við skólann. Húsið er þrjár byggingar sem tengdar eru saman. Haustið 2008 var tekin í notkun nýbygging sem byggð var við skólann, að hluta til utan um elsta skólann, gamla barnaskólann. Þar eru nú allar verkgræinastofur auk þriggja almennra kennslustofa og bókasafns. Skólinn var settur í fyrsta sinn 1874 og hefur því starfað óslitið í 141 ár. Rekið er frístundastarf fyrir nemendur í 1.-4. bekk í samstarfi skólasviðs Ísafjarðarbæjar, Héraðssambands Vestfirðinga, Tónlistaskóla Ísafjarðar og Grunnskólans á Ísafirði.

Undanfarin ár hefur skólinn unnið eftir stefnunni „*Uppbygging sjálfsaga - uppeldi til ábyrgðar*“ en markmiðið með henni er að byggja upp sjálfsaga hjá nemendum

og koma því til leiðar að þeir vilji haga sér vel til þess eins að vera ánægðir með sjálfa sig en ekki til þess að forðast refsingu eða hljóta umbun.

Grunnskólinn á Ísafirði hefur tekið þátt í *Olweusaráætluninni – gegn einelti og andfélagslegri hegðun* frá árinu 2002. Áætlunin byggist á því að vinna markvisst gegn einelti og er ætlað að vekja alla til umhugsunar um að einelti sé skaðlegt.

Kennarar hafa fylgt áætluninni vel eftir og til dæmis eru bekkjarfundir virkur þáttur í skólastarfinu. Undanfarin ár hefur ekki verið greitt fyrir eineltiskannanir og telst skólinn því ekki formlegur þátttakandi í áætluninni en öll önnur vinna til varnar einelti er með sama hætti og áður í skólanum og í skólanum eru gerðar kannanir á líðan nemenda með reglulegu millibili.

Einkunnarorð skólans, sem eiga að endurspeglast í öllu starfi hans, eru *virðing, samhugur og menntun*.

Virðing: Í skólanum okkar ríkir virðing fyrir eigum, skoðunum og sérstöðu hvers og eins.

Samhugur: Í skólanum okkar ríkir gleði og velliðan. Við finnum fyrir samstöðu og trausti, hjálpumst að og erum örugg.

Menntun: Í skólanum okkar ríkir vinnugleði, nýsköpun, gagnrýnin hugsun og virk uppbygging. Við höfum metnað, sköpunargleði, ábyrgð og kraft til að gera okkar besta.

2. Inngangur

Ekki er starfandi sjálfrmatsteymi við skólann þetta skólaár þar sem meginviðfangsefni sjálfrsmatsins felst í endurskoðun skólanámskrár sem allir kennarar taka þátt í. Niðurstöður þeirrar vinnu munu birtast jafnóðum og einstakir kaflar námskrárinnar verða orðnir í samræmi við nýja aðalnámskrá grunnskóla en gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki á haustönn 2016. Þrátt fyrir að áhersla sé á endurskoðun skólanámskrár hefur verið talið nauðsynlegt að leggja mat á líðan nemenda á hverju ári. Gerðar hafa verið samskonar kannanir meðal nemenda undanfarin skólaár og viðmið um mat eru þau sömu og sjálfrmatsteymið lagði til skólaárið 2012-2013. Skólinn tekur einnig þátt í spurningakönnunum Skólapúlsins fyrir nemendur og foreldra.

3. Markmið

Almenn markmið með innra mati í Grunnskólanum á Ísafirði eru að bæta skólastarfið, gera hagsmunaaðilum starfið sýnilegra og gæta þess að í skólanum sé ávalt starfað í samræmi við lög og reglugerðir sem í gildi eru.

Sérstök markmið matsverkefna þessa vetrar eru:

- I) Að afla upplýsinga um samskipti milli nemenda og liðan þeirra í skólanum.
- II) Að fá upplýsingar um samskipti yngri nemenda við kennara sína.
- III) Að fá í hendur áþreifanlegar niðurstöður um samskipti milli nemenda til umræðu með nemendum.
- IV) Að afla upplýsinga frá nemendum um upplifun þeirra af einelti í skólanum.
- V) Að fá mat nemenda á hvernig þeim hefur gengið að vinna að þeim skólabrag sem þeir hafa skilgreint sem óskastöðu, samkvæmt vinnu með niðurstöður nemendabings.
- VI) Að skoða hvernig svör nemenda GÍ eru í samanburði við svör annarra nemenda sem taka þátt í Skólapúlsinum og hvernig frávik skólans frá landsmeðaltali þróast milli ára.
- VII) Að skoða hvernig svör foreldra barna í GÍ eru samanborið við svör barna í viðmiðunarhópum Skólapúlsins í spurningum sem eiga við um alla nemendur eða alla nemendur á ákveðnu stigi.
- VIII) Að afla upplýsinga um tíma sem nemendur nota til heimalesturs og hvernig foreldrum gengur að fylgjast með heimalestri barna sinna.
- IX) Að afla upplýsinga um viðhorf foreldra til umsjónarkennara.
- X) Að afla upplýsinga um almennt viðhorf foreldra til skólans .
- XI) Að afla upplýsinga um viðhorf foreldra til stjórnunar skólans.

4. Aðferð

Gerðar voru þrjár kannanir í skólanum þar sem spurt var um líðan og samskipti meðal nemenda. Það er fyrir 1. – 3. bekk, fyrir 4. – 6. bekk og fyrir 7. – 9. bekk. Kannanirnar voru nafnlausar en rekjanlegar eftir kyni og bekk. Aðeins munu verða birtar heildarniðurstöður úr hverri könnun fyrir sig. Kennarar hafa fengið niðurstöður sinna árganga og unnið með þær með sínum nemendum. Skólinn er einnig þátttakandi í *Skólapúlsinum*, þar eru gerðar úrtakskannanir meðal nemenda í 6. – 10. bekk með jöfnu millibili yfir árið sem eru svo teknar saman að vori, niðurstöður þeirra kannana eru einnig birtar í þessari skýrslu. Skólinn tók einnig þátt í foreldrakönnun skólapúlsins. Einnig var gerð spurningakönnun meðal foreldra á vegum skólans, þar sem spurt var um heimalestur og viðhorf foreldra til

skólans. Rannsóknir og greining gera einnig kannanir á líðan skólabrana annað vherft ár og eru sá hluti niðurstaðna sem tengist skólagöngu einnig notaður í mati á skólastarfinu.

5. Viðmið

Starfsfólk skólans hefur sett sér það markmið að skólinn sé laus við einelti, að nemendum líði almennt vel í skólanum og samskipti milli þeirra séu góð. Í stórum skóla er þó hæpið að gera ráð fyrir allt sé ævinlega í besta lagi í samskiptum milli nemenda, matsteymið telur eðlilegt að miða við að 95% nemenda í skólanum líði vel og eigi góða vini. Einnig hafa verið sett þau markmið að skólinn nái landsmeðaltali í öllum þáttum sem mældir eru í *Skólapúlsinum*. Í könnuninni sem lögð var fyrir eldri nemendur var einnig spurt hvar nemendur teldu líklegast að nemendur yrðu fyrir áreiti og hvernig áreiti væri algengast. Niðurstöður úr þeim spurningum eru aðeins ætlaðar til umræðu í bekkjunum og til viðmiðunar vegna skipulags gæslu og eru því ekki birtar hér. Einnig var spurt um tíðni erinda til stjórnenda skólans og upplifun foreldra af viðmóti stjórnenda. Sambærilegar spurningar hafa áður verið lagðar fyrir foreldra og viðmið skólans eru að ánægja foreldra mælist vaxandi


6. Niðurstöður

Niðurstöður eru settar fram í sex undirköflum. Það eru niðurstöður úr skólakönnunum fyrir 1.-3. bekk, fyrir 4. – 6. bekk og fyrir 7. - 9. bekk, niðurstaða úr tveimur könnunum *Skólapúlsins* og niðurstaða úr foreldrakönnun.


1.-3. bekkur

Í 1. – 3. bekk eru samtals 92 nemendur. Nokkuð misjafnt var eftir spurningum hve margir svöruðu hverri spurningu eða frá 86-89 nemendur eða um 95%. Svörin eru greind eftir kyni og sett fram í prósentum. Tekin eru saman jákvæð og hlutlaus


svör og samkvæmt settum viðmiðum ætti hlutfall þeirra að vera 95% eða hærra. Könnunin var gerð í lok febrúar 2016.




93% nemenda segja að þeim líði vel eða hvorki vel né illa þegar þeir fara í skólann.




91% nemenda eru sáttir þegar þeir hugsa um kennslustundirnar.




97% nemenda segja að þeim líði vel eða séu hlutlausir þegar þeir hugsa um kennarann sinn.




Aðeins 85% nemenda segja að þeim líði vel eða séu hlutlausir þegar þeir eru í frímínútum, kynjamunur er nokkur.




87% nemenda svara hér að þeir séu sáttir eða hlutlausir þegar þeir eru í leikfimi.




85% nemenda segjast vera sáttir eða hlutlausir þegar þeir eru í sundi.




Þessi spurning er ný hjá okkur og því höfum við ekki viðmið fyrri ára, en 83% nemenda segja að þeim líði vel þegar þeir eru í búningsklefunum.




Aðeins 75% nemenda eru sáttir þegar þeir eru í matsalnum.




83% nemenda svara að þeim líði vel eða hvorki vel né illa þegar þeir hugsa um að lesa.




89% nemenda segja að þeim líði vel eða hvorki vel né illa þegar þeir hugsa um stærðfræði.



84 % nemenda eru sáttir þegar þeir eru á leið heim úr skólanum.






96% nemenda eru sáttir í strætó.







Langflestum nemendum líður vel eða eru hlutlausir þegar þeir hugsa um bekkjarfélagana.



Þar sem könnun á líðan hefur verið með sama hætti á yngsta stigi undanfarin þrjú ár í Grunnskólanum á Ísafirði getum við nú birt samanburð milli ára. Þær tölur eru ekki greinanlegar eftir kynjum. Allar tölur hér eru hlutfallstölur. Orðalagi var breytt við spurningar þar sem áður stóð „hvernig líður þér þegar þú hugsar um“ stendur núna „hvernig líður þér þegar þú ert í“. Við teljum að þetta hafi ekki afgerandi áhrif á niðurstöður.

















4.-6. bekkur


Í 4.-6. bekk eru samtals 91 nemandi. Spurningakönnun var lögð fyrir í lok febrúar eins og undanfarin ár, svörun var heldur lakari en undanfarið eða um 79%, það skýrist af leyfum og veikindum nemenda. Daginn eftir að könnunin var tekin fengu kennarar sínar niðurstöður til að vinna með í bekkjum. Hér er aðeins birt heildarniðurstaða, svör eru greinanleg eftir kynjum.




Hér koma fram vísbendingar um laka félagslega stöðu hjá 3% stráka.



Samkvæmt þessu líður sjö prósent barna á miðstigi ekki nógu vel í skólanum, munur er á strákum og stelpum hvað þetta varðar.




Nemendum líka þó yfirleitt vel við skólafélagana.




Átta prósent segja að það hafi oft komið fyrir að skólafélagarnir hafi sýnt af sér framkomu sem þeir meta sem vonða eða særandi, fleiri strákar en stelpur svara þannig.

Þeir nemendur sem sögðu að það hefði oft eða stundum komið fyrir að skólafélagarnir væru leiðinlegir við þá voru einnig beðnir að svara því hvernig þeim líði vegna þess og þá svarar aðeins einn nemandi að honum líði enn illa.




Þrjú prósent drengja segja að þeir hafi oft tekið þátt í leiðinlegum hlutum gagnvart öðrum krökkum. En heldur fleiri, bæði strákar og stelpur merkja hér við möguleikann „já, en mjög sjaldan“ heldur en á síðasta ári, eða 48% á móti 33% í fyrra. Eitt prósent nemenda sjá sjálfa sig sem áreitna við aðra nemendur.




Þessi mynd sýnir svipaða stöðu. Nemendur meta hegðun sína almennt ekki þannig að hún sé öðrum nemendum til ama.

Út frá þeim upplýsingum sem komnar eru mætti ætla að flestum nemendum liði ágætlega í skólanum en þegar þeir eru spurðir um hvort þeir hafi upplifað einelti koma önnur svör.




Ef svör við þessari spurningu eru borin saman við önnur svör um líðan má sjá talsvert ósamræmi þar sem 7% nemenda segja að þeim líði illa í skólanum en 25% segja að þeir hafi verið lagðir í einelti. Svör stráka í 4.bekk skáru sig úr hér og ef þeir eru teknir út verður tala þeirra sem segja að þeir hafi verið lagðir í einelti 16%.




Um 20% nemenda taka alltaf þátt í vinaliðaleikjum og 89% taka einhvern tíman þátt.

7.-9. bekkur


Í 7. -9. bekk eru samtals 106 nemendur, nokkuð misjafnt var hve margir nemendur svöruðu hverri spurningu eða frá 102-105 sem gerir 96% – 99% þátttöku. Spurningakönnun var lögð fyrir í febrúar og voru niðurstöður sem hér segir.




Þrjú prósent nemenda segja að þeir eigi ekki vini í skólanum.




Átta prósent segja að þeim líði ekki vel, meiri hlutinn stelpur.




Flestum líkar yfirleitt vel við skólafélaga sína.




Fimm prósent nemenda segja að þeim sé oft strítt í skólanum og önnur fimm prósent segja stundum. Samkvæmt þessu má gera ráð fyrir að tíu prósent nemenda upplifi stríðni í skólanum. Það er örlítið hærri hlutfall en á síðasta ári.



Eins og sjá má á þessari mynd telja nemendur unglingastigs almennt að þeir sjálfir séu ekki leiðinlegir við aðra nemendur.



Afar fáir nemendur í þessum árgöngum sjá sjálfa sig sem þátttakendur í einelti.




12% nemenda segjast hafa orðið fyrir einelti í vetur. Það er 4 prósentustigum meira en í fyrra.

Nemendur unglingastigs voru einnig spurðir hvar þeir teldu líklegast að nemendur yrðu fyrir einelti og eru samantekin svör þeirra hér í töflu.


Hvar telur þú líklegast að krakkar verði fyrir einelti? (má merkja við margt)	stelpur	strákar	heild	kynjamunur
Á skólalóðinni	34	27	61	7
Í tímum	10	4	14	6
Í tímum þegar kennarar fara fram	16	6	22	10
Á klósettinu	14	6	20	8
Í íþróttatímum	11	4	15	7
Í búningasklefum	22	18	40	4
Í matsal	14	9	23	5
Í strætó	21	8	29	13
Á leiðinni í eða úr skólanum	26	12	38	14
Með sms	21	8	29	13
Á netinu	40	25	65	15

Sérstaka athygli vekur kynjamunurinn í gulmerktu reitunum, það eru í öllum tilvikum stelpur sem eru með hærri tölur. Rétt er að geta þess að þetta eru staðirnir eða aðstæðurnar sem nemendur telja **líklegt** að einelti eigi sér stað á en ekki var spurt beint um upplifun þeirra.




80% nemenda telja sig hafa haft eitthvað gagn af markmiðsetningu við upphaf skólaárs.


Að þessu sinni voru nemendur 7.- 9. bekkjar einnig beðnir að leggja mat á bekkjarbrag. Til viðmiðunar voru notaðar skilgreiningar á æskilegum bekkjarbrag sem nemendur hafa unnið í hópum.




8 prósent nemenda sjá að nemendum líður ekki alltaf nógu vel.




Samkvæmt þessu virðist baktal vera nokkuð algengt meðal nemenda í 7.-9. bekk.




Hér segja 10% að þeir finni oft fyrir óöryggi nemenda.






Fleiri stelpur en strákar telja að vinnufriður sé ekki eins góður og hann gæti verið í kennslustundum.





Tæplega helmingur nemenda upplifir oftast áhugasemi og jákvæðan bekkjaranda í kringum sig.





Nemendur telja að flestir taki yfirleitt ábyrgð á hegðun sinni og námi.

Skólapúlsinn og könnun frá Rannsóknun og greiningu.

Skólapúlsinn

Ísafjarðarbær tekur þátt í nemendakönnunum Skólapúlsins. Gerðar eru úrtakskannanir með reglulegu millibili yfir skólaárið hjá nemendum í 6.-10. bekk og niðurstaða vetrarins birt í lok skólaárs. Hjá Skólapúlsinum telst munur upp á 0,5



stig vera lítill munur, munur upp á 1 stig töluverður munur og munur upp á 1,5 stig mikill munur.

Hér má sjá þróun meðaltals hjá Grunnskólanum á Ísafirði miðað við landsmeðaltal síðustu fimm ára í þeim spurningum sem haldist hafa óbreyttar á því tímabili.



Landsmeðaltal er allsstaðar 0,0. Spurningum Skólapúlsins er skipt í þrjá flokka það eru: virkni nemenda í skólanum, líðan nemenda og skóla- og bekkjarandi.



Virkni nemenda í skólanum

Í GÍ mælist aðeins þátturinn þrautsegja í námi með meira frávik en 0,5 stig.





Hér er frávik GÍ frá landsmeðaltali það mikið að munurinn telst marktækur, nemendur okkar virðast sýna minni þrautsegju en nemendur annarsstaðar af landinu.







Líðan nemenda

Í þessum þætti voru 5 spurningaflokkar en eru nú 4. Þátturinn „Velliðan“ kom inn á síðasta ári og er því samanburðarhæfur núna. Grunnskólinn á Ísafirði er með minna frávik en 0,5 í öllum þessum þáttum.






Upplifun nemenda af einelti hefur samkvæmt þessu aukist lítillega og er það í samræmi við svör nemenda í könnunum sem gerðar eru í skólanum. Frávik eru innan skekkjumarka miðað við landsmeðaltal.




Skóla- og bekkjarandi

Í þessum þætti eru nú 5 spurningaflokkar. Grunnskólinn á Ísafirði vísar aðeins marktækt frá landsmeðaltali í flokkunum „Samband nemenda við kennara og „Mikilvægi heimavinnu í námi“. Vorið 2013 var sett heimavinnustefna fyrir skólann, stefnan var unnin í samráði við kennara, nemendur og foreldra. Í henni er



aðeins gert ráð fyrir lestri sem fastri heimavinnu og skýrir það líklega frávik skólans að einhverju leyti.




Þessi mæling er heldur síðri en á síðasta ári, en eins og áður er hæpið að draga ályktun af einni stakri niðurstöðu hvað þetta varðar.





Hér má sjá þróun sem var jákvæð á árabílinu frá 2011-2015 en síðasta mæling sýnir ekki eins góða niðurstöðu og er frávik skólans -0,7.






Hér er einnig marktækur munur á GÍ og landsmeðaltali.







Hér má sjá að nemendur GÍ meta umfang eineltis minnkandi og minna en nemendur annarsstaðar á landinu.



Samanburður á frávikum GÍ frá landsmeðaltali í flokkunum sem heild er sem hér segir.



Á þessari mynd er notað heildarfrávik spurninganna í hverjum flokki. Ef skoðað er hvernig svör nemenda hafa þróast frá 2011 er hægt að sjá jákvæða breytingu í öllum flokkum þó svo að svör þessa árs séu undir væntingum. Spurningar í flokkunum eru mismargar á milli ára og því er meðaltalsfrávik meira lýsandi en heildarfrávik.




Á þessari mynd er notað meðaltalsfrávik spurninganna í hverjum flokki. Hér er skólinn allstaðar með frávik innan skekkjumarka í öllum flokkum.

Könnun frá Rannsóknnum og greiningu


Rannsóknir og greining gera kannanir meðal unglinga annað hvert ár. Hér verða birtar niðurstöður þeirra spurninga sem snúast um skólastarf. Hafa ber í huga að þetta eru niðurstöður fyrir bæjarfélagið í heild en þar sem GÍ er fjölmennasti skólinn má ætla að niðurstöður séu ágætlega lýsandi fyrir upplifun nemenda. Könnunin var gerð í febrúar 2016 og svöruðu allir nemendur sem mættir voru í skólann þann dag, þetta er því ekki úrtakskönnun.

Mikilvægi náms



Mynd 54. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um þau að finnast námið tilgangslaust, árin 2008, 2009, 2012, 2014 og 2016.


Færri nemendur í Ísafjarðarbæ en annars staðar á landinu segja að þeim finnist námið yfirleitt tilgangslaust. Viðhorf stelpna virðist vera breytilegra en viðhorf stráka.



Mynd 55. Hlutfall stelpna og stráka í 8., 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um þau að finnast námið tilgangslaust, árið 2016.


Svör nemenda í 10. bekk vekja sérstaka athygli hér.

Líðan í skóla



Mynd 56. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um sig að líða illa í skólanum, árin 2008, 2009, 2012, 2014 og 2016.


Hér lítur út fyrir að strákar í Ísafjarðarbæ meti líðan sína í skóla nokkuð lakari en strákar annarsstaðar á landinu, munur milli ára er þó nokkur og því erfitt að draga ákveðna ályktun.



Mynd 57. Hlutfall stelpna og stráka í 8., 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um sig að líða illa í skólanum, árið 2016.


Svo virðist sem nemendur okkar meti líðan í skóla almennt lakari en nemendur annarsstaðar.

Samskipti við kennara



Mynd 60. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um sig að semja illa við kennarana, árin 2008, 2009, 2012, 2014 og 2016.

Hér er nokkur kynjamunur, þessi mynd er ekki í algjöru samræmi við niðurstöður úr könnun Skólapúlsins um samskipti nemenda og kennara.



Mynd 61. Hlutfall stelpna og stráka í 8., 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um sig að semja illa við kennarana, árið 2016.

Hér má sjá að strákar í 8. bekk upplifa oftari erfið samskipti við kennara en aðrir nemendur. Ákveðinn samskiptavandi kom upp í 9. bekk á vordögum og unnið var í því máli.

Skólapúlsinn - foreldrakönnun

Ísafjarðarbær er þátttakandi í foreldrakönnun Skólapúlsins. Niðurstöður þeirrar könnunar eru birtar ef 80% þeirra sem lenda í úrtakinu svara. Í Grunnskólanum á Ísafirði lenda 120 börn í úrtaki og því þarf svörun frá foreldrum 96 þeirra til að könnunin teljist gefa áreiðanlegar vísbendingar. Könnunin var send út í febrúar og fengust svör frá 75% þeirra barna sem sent var á því telst könnunin vísbending um stöðuna eins og hún var á þeim tíma og skólinn hefur fengið niðurstöður sendar. Þegar einstaka spurningar eru skoðaðar ná hins vegar aðeins spurningar er varða Dægradvöl og mótuneyti því viðmiði að 75% svarenda hafi svarað þeim, í öðrum spurningum er svarhlutfallið milli 54,2% og 63,3%. Í sumum spurningum sem teljast „framhaldsspurningar“ er svarhlutfall hærri en þegar fjöldi svarenda er


skoðaður byggjast niðurstöður á svörum frá 5-21 svaranda og því tæplega lýsandi fyrir foreldrahópinn almennt.

Á svæði skóla á vef Skólapúlsins eru eftirfarandi skýringar:

Könnunin er framkvæmd í febrúar ár hvert og er fyrir foreldra nemenda á öllum aldurstigum grunnskólans. Dregið er 120 foreldra líkindaúrtak úr lista sem skólinn sendir inn í kerfið í janúar. Í þeim tilfellum þar sem tvö netföng eru skráð á vegna foreldra barns er spurningalistanum skipt í tvennt og helmingur listans sendur á hvort netfang. Öðru hvoru foreldrinu eða báðum í sameiningu er þó frjálst að svara báðum hlutum. Niðurstöður á yngsta, mið- og unglingastigi eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun mars svo lengi sem 80% svarhlutfalli hefur verið náð.

Viðmiðunarahópur þessarar rannsóknar samanstóð af meðaltali foreldra úr þeim 47 skólum sem tóku þátt í könnuninni. Skólarnir voru ólíkir af gerð og staðsetningu. Öryggismörk í marktektarprófum voru 95%. Lágmarksvarhlutfall í hverjum skóla var 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspeglar mögulega ekki almennt viðhorf foreldra í skólanum. Niðurstöður skóla með minna en 60% svarhlutfall eru ekki birtar.

Hér má sjá svör foreldra vegna ánægju með máltíðir í mötuneyti. Einnig má sjá að þessi niðurstaða byggir á svörum frá 53 svarendum og af þeim eru 41 ánægðir.




Myndin sýnir þróun skólans á milli ára samanborið við niðurstöðu hvers starfsárs á landinu í heild. Rauða línan sýnir niðurstöður landsins í heild og græna línan sýnir niðurstöður skólans.

Í skólanum hafa aðrar niðurstöður þessarar könnunar verið teknar til skoðunar en ekki er talið rétt að birta þær sem hluta af sjálfsmati vegna lítillar þátttöku.


Foreldrakönnun um heimalestur og viðhorf til skólans

Send var spurningakönnun í tölvupósti til foreldra. Svör bárust frá 130 aðilum eða um 40 % foreldra. Það er lágt svarhlutfall og því ber að taka svörum með fyrirvara. Á unglingastigi svöruðu 40, miðstigi 30 og yngsta stigi 60. Svör foreldra nemenda á yngsta stigi vega því þýngst í heildarútreikningum. Við vinnslu niðurstaðna er gert ráð fyrir að aðeins hafi verið svarað einu sinni fyrir hvert barn. Svör eru greinanleg eftir bekkjum og kyni nemenda en hér eru birtar heildarniðurstöður og samantekt frá stigum. Þar sem við á eru tekin saman jákvæð og hlutlaus svör.


Hér eru svör foreldra um tíma sem nemendur nota til heimalesturs.




Hér er hlutfall þeirra sem segja minna en 10 mín eða veit það ekki 16%. Á síðasta ári voru það 23% sem svöruðu þannig.




Að jafnaði lesa eldri nemendur minna en þeir yngri. Hér eru 33% foreldra sem svara minna en 10 mín. eða veit það ekki.



Langflestir nemendur miðstigs lesa á bilinu 10 – 30 mínútur á dag.




Langflestir nemendur á yngsta stigi eða 90 % lesa 20-30 mínútur á dag sem við teljum nokkuð gott fyrir nemendur í 1.-4.bekk.




Mun fleiri strákar en stelpur lesa minna en 10 mínútur á dag og færri strákar lesa meira en 30 mínútur á dag.



4. Hvernig gengur að fylgjast með heimalestri barnsins þíns?




68% foreldra fylgjast með heimalestri þrisvar í viku eða oftar samkvæmt þessu sem er nánast sama tala og á síðasta ári.

Hvernig gengur að fylgjast með heimalestri barnsins þíns?






Þessi eldri sem nemendur eru þess minna fylgjast foreldrar með heimalestri.




97% foreldra eru ánægðir með umsjónarkennara barna sinna. Þetta er það hátt hlutfall að ekki er ástæða til að skoða þetta eftir stigum.




Samkvæmt þessu segja 91% foreldra að viðhorf þeirra til skólans sé jákvætt.

Fyrirkomulagi á skólasetningu var breyst haustið 2015. Byrjað var á viðtali við foreldra og nemendur þar sem sett voru persónuleg markmið fyrir nemendur.



Almennt líkaði foreldrum þetta fyrirkomulag ágætlega.




80% foreldra telja markmiðssetninguna hafa verið gagnlega og er það sama og hlutfall nemenda sem er þeirrar skoðunar.

Þá koma spurningar um samskipti foreldra við stjórnendur skólans. Þar eru niðurstöður líkar fyrir öll skólastig og því aðeins birtar heildarniðurstöður. Eins og

áður eru aðeins birtar myndir af ólíkum svörum foreldra stelpna og stráka ef munurinn var nokkuð afgerandi.


Hversu oft hefur þú leitað til stjórnenda skólans á þessu/síðasta skólaári með mál er varða..						
allir nemendur	aldrei	1-2 sinnum	3-5 sinnum	6-9 sinnum	oftar	fjöldi svara
samskipti?	85	31	6	5	1	128
nám eða kennslu?	78	32	12	3	0	125
annað en að ofan greinir?	87	25	7	2	0	121
svöruðu spurningu						129
slepptu spurningu						1

8% foreldra hafa samkvæmt þessu leitað oftari en tvisvar til stjórnenda vegna samskiptamála, 11% vegna náms eða kennslu og 7% vegna annarskonar mála. Þetta eru allstaðar lægri tölur en á síðasta ári.



Hér má sjá að 8% foreldra finnst erfitt að leita til stjórnenda skólans með mál tengd skólagöngu. Ekki var spurt um ástæður þess og engar athugasemdir komu í

athugasemdadálk sem geta gefið vísbendingar um þær. Þetta er heldur lægra hlutfall en á síðasta ári.




5% þeirra foreldra sem leitað hafa til stjórnenda telja að stjórnendur hafi ekki lagt sig fram um að leysa úr málum.

Skólapúlsinn - starfsmannakönnun


Skólapúlsinn gerir einnig kannanir meðal starfsfólks grunnskóla og ber svörin saman við starfsfólk annarra skóla. Niðurstaða skólans var fremur góð að sinni og hér verða aðeins birt þau atriði þar sem GÍ vísar marktækt frá landsmeðaltali.

1.2. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við önnur störf – Röðun



Hér er um að ræða fólk sem sinnir öðrum störfum en kennslu, til dæmis skólaliða og stuðningsfulltrúa.


2.8. Tíðni áreitni meðal starfsfólks – Röðun*



[Vista mynd](#)


Starfsfólk metur áreitni mun minni en gert er í öðrum skólum.

3.2. Starfsandi innan skólans – Röðun*



Nokkuð vantar upp á að starfsandi sé eins og best verður á kosið.

3.5. Starfsaðstaða í skólanum – Röðun*



Starfsmenn skólans eru ánægðari með starfsaðstöðu sína en starfsmenn samanburðarskólanna.

Scatter plot showing the number of children in the family (Y-axis, 0 to 10) for two groups (X-axis):

- Grunnskólinn á Ísafirði (5,7) N=31
- Landið (4,8) N=1607


The X-axis categories are:

- 1.-10. b. <320 nem.
- 1.-10. b. 320+ nem.

A horizontal red line is drawn at Y=4.5.

Scatter plot showing the number of children in the family (1.-10. b.) for two groups: Grunnskólinn á Ísafirði (4) N=32 and Landið (4,8) N=1602. The y-axis ranges from 0 to 10. The x-axis has two categories: '1.-10. b. <320 nem.' and '1.-10. b. 320+ nem.'. A horizontal red line is drawn at y=4.5. Data points are represented by grey diamonds for the first group and a single dark green diamond for the second group.

Group	1.-10. b. <320 nem.	1.-10. b. 320+ nem.
Grunnskólinn á Ísafirði (4) N=32	3, 3.5, 3.5, 4, 4, 4.5, 4.5, 5, 5, 5.5, 5.5, 5.8	4, 4.5, 4.5, 5, 5, 5.5, 5.5, 6
Landið (4,8) N=1602	-	4




Hér var spurt hve oft og um hvaða þætti kennarar hefðu samband við foreldra. Hér virðist upplýsingagjöf vera tíðari en hjá öðrum.




Fleiri kennarar við GÍ sinna undirbúningi í skólanum en annarsstaðar.

5.7. Virk samvinna um skólaþróun og umbætur – Röðun*



5.8. Vinnuaðstæður kennara – Röðun*



7. Umræða

Umræðukaflanum er skipt í sex undirkafla. Einn fyrir hvert skólastig, tveir fyrir Skólapúlsinn og einn fyrir foreldrakönnunina. Þó að hér sé aðeins birt samantekt meðaltals þriggja árganga úr nemendakönnunum hafa kennarar fengið niðurstöður sinna bekkja eða árganga sundurgreindar til að vinna úr þeim með nemendum. Rétt er að geta þess að svör gefa aðeins vísbendingar um stöðuna eins og hún er á þeim tíma sem könnunum er svarað. Svör nemenda byggjast á upplifun þeirra og hún getur verið með ýmsum móti hjá nemendum vegna svipaðra atburða. Betri upplýsingar eru hins vegar ekki fáanlegar.

Yngsta stig

Þar sem við höfum nú gert samskonar könnun í fjögur ár getum við nú borið niðurstöður saman milli ára. Alltaf eru nokkrar sveiflur á svörum nemenda og hafa verður í huga að verið er að spyrja ung börn og því líklegt að svör taki mið af líðan þeirra daginn sem þau svara. En þegar skoðaðar eru myndir yfir þróun svara teljum við tvö atriði krefjast sérstakra viðbragða af hálfu skólans. Það er líðan í frímínútum og þá sérstaklega hjá stelpum og líðan í matsal. Spurningin um líðan þegar nemendur eru að fara heim úr skólanum kom einnig verr út en á síðasta ári. Það kom okkur á óvart þar sem sett var upp gæsla við biðstöð strætó nú í vetur sem ekki hefur verið í mörg ár.

Varðandi frímínútur teljum við mikilvægt að bregðast við með því að greina viðhorf nemenda betur. Í matsalnum er oft mikill hávaði, þar voru settar upp gardínur á vordögum til að reyna að dempa hljóðburð en nokkuð flókið er að gera það þar sem salurinn er líka notaður sem hátíðasalur og þá er nauðsynlegt að hafa góðan hljóðburð.

Miðstig

Talsverðar breytingar voru gerðar á könnun fyrir miðstig milli ára og því ekki hægt að bera niðurstöður saman spurningu fyrir spurningu.

Nokkuð erfitt var að lesa úr svörum nemenda þar sem nokkuð er um misvísanir í svörum nemenda. Það eru að mestu leyti drengir sem merkja við að þeir hafi verið lagðir í einelti og flestir þeirra svara því einnig að þeir telji málin leyst og þeim líði

ágætlega vegna þeirra núna. Við höfum verið að vinna með ákveðinn samskiptavanda hjá drengjum í 5.bekk og sjáum það endurspeglast í svörum þeirra. Út frá þeim upplýsingum sem hægt er að lesa út úr svörum nemenda teljum við rökrétt að áætla að um 5-10% barna á miðstigi upplifi samskiptavanda við aðra nemendur. Stundum er vandinn það alvarlegur að hann flokkast sem einelti en mun oftast er um að ræða ágreining milli jafningja sem hægt er að aðstoða þá við að leysa úr. Nemendur á miðstigi virðast hins vegar ekki sjá sig sem gerendur eða að þeir séu leiðinlegir við aðra nemendur.

Unglingastig

Ef teknar eru saman heildarniðurstöður úr könnunum á unglingastigi teljum við óhætt að álykta að talsvert hafi áunnist í að bæta líðan nemenda í skólanum. Það virðist hins vegna vanta upp á að þeir upplifi sig á eins jákvæðan hátt og aðrir nemendur hvað varðar þrautsegju og trú á eigin getu til náms. Frávik skólans frá landsmeðaltali í könnunum Skólapúlsins eru annars yfirleitt lítil. Við setjum nokkurn vara við svörum nemenda í 8.bekk í þeirri könnun sem við gerum sjálf því miðað við mætingar í skólann daginn sem könnunin var tekin komu svör frá þremur fleiri stúlkum en voru mættar í skólann. Þau svör voru öll mjög neikvæð og opin svör sem fylgdu þeim dónaleg.

Í könnun Rannsóknar og greiningar vekja svör stelpna í 9.bekk sérstaka athygli, en þar kemur fram að 12% stelpna í 9.bekk í Ísafjarðarbæ segja að þeim semji illa við kennara. Rétt er að taka fram að í GÍ eru 16 stelpur í 9.bekk og ef svörin eru yfirfærð á þær má gera ráð fyrir að þetta séu tvær sstelpur. Af svörum nemenda á mið-og unglingastigi má sjá að nemendur miðstigs virðast upplifa einelti og ágreining í meira mæli en nemendur unglingastigs. Af því leyfum við okkur að draga þá ályktun að sífelld vinna með jákvæð samskipti hafi áhrif.

Skólapúlsinn - foreldrakönnun

Skoða þarf vel hvort halda á áfram að taka þátt í foreldrahluta Skólapúlsins þar sem svörun hefur verið mjög dræm og niðurstöður því ekki nógu lýsandi fyrir viðhorf foreldrahópsins. Niðurstöður fara inn í heildarmælingar á skólastarfinu þrátt fyrir að mjög fáar spurningar hafi náð lágmarkssvörun.

Foreldrakönnun um heimalestur og viðhorf til skólans

Lestur er undirstaða náms í flestum greinum og því er mikilvægt að börn nái á honum góðum tókum. Sú æfing sem börn fá í skólanum dugar engan veginn til að þjálfa upp leshraða og skilning sem nýtist nemendum við nám í öðrum greinum og því er heimalestur alveg nauðsynlegur. Í skólanum hefur verið lögð mikil aukinn áhersla á lestur á öllum stigum og aukið samband haft við foreldra vegna hans. Heldur lægra hlutfall foreldra segir nú að nemendur lesi minna en tíu mínútur á dag eða að þeir viti ekki hve lengi barnið les, heldur en á síðasta ári og það teljum við jákvæðan árangur. Hlutfall þeirra sem segja fylgst sé með heimanámi þrisvar í viku eða oftar hefur hins vegar ekki aukist.

Í niðurstöðum úr könnun Rannsóknar og greiningar má einnig sjá að nemendur í Ísafjarðarbæ upplifa almennt minna eftirlit frá foreldrum en nemendur annarsstaðar á landinu – **finna tengil**. Nokkrar athugasemdir komu frá foreldrum barna á miðstigi sem myndu vilja að nemendum á því stigi bjóðist einnig að taka hluta af frístundaþátttöku á - eða í beinu framhaldi af skólatíma. Færri foreldrar en áður hafa leitað til stjórnenda skólans vegna vanda barna sinna. Ekki eru allir alltaf sammála um orsök og afleiðingu eða hvaða lausnir eru heppilegar, 5% þeirra sem leitað hafa til stjórnenda telja þá ekki hafa lagt sig fram um að leysa úr málum.

Starfsmannakönnun

Grunnskólinn á Ísafirði kemur fremur vel út í þessari starfsmannakönnun Skólapúlsins. Í tveimur atriðum vikur skólinn marktækt neikvætt frá landsmeðaltali. Það er þegar spurt er um starfsanda. Nokkur ágreiningur hefur verið meðal lítils hóps innan skólans. Brugðist hefur verið við því í samstarfi við mannauðsstjóra Ísafjarðarbæjar. Hitt atriðið snýr að trú kennara á eigin getu, þar er skólinn undir landsmeðaltali og velta má upp mörgum hugsanlegum skýringum á því. Eitt af því sem kemur upp í hugann er niðurstaða samræmdra prófa sem ekki hefur alltaf verið eins og væntingar standa til. Annað er lítill samanburður við kennara frá öðrum skólum. Í öllum öðrum atriðum sem skólinn vikur frá landsmeðaltali er það í jákvæða átt og stundum verulega.

8. Umbótaáætlun

Umbótaáætlunin er í fimm hlutum. Aðeins eru teknar fyrir þær spurningar þar sem svör víkja að því marki frá viðmiðum að ástæða sé talin til sérstakra aðgerða af hálfu skólans. Þar sem svör víkja einu til tveimur prósentustigum frá viðmiðum er ekki talin ástæða til sérstakra aðgerða.

Yngsta stig

Frímínútur

Ekki hefur náðst ásættanlegur árangur í vinnu með líðan nemenda á yngsta stigi í frímínútum og eru það sérstaklega stelpur sem segja að þeim líði ekki nógu vel. Á síðasta ári var nemendum þriðja bekkjar boðið að taka þátt í Vinaliðaverkefninu sem annars er ætlað 4.-7. bekk. Gæsla í frímínútum var einnig aukin. Haldið verður áfram með sama skipulag en einnig verða haldnir hópfundir með stelpum í 2.-4.bekk þar sem námsráðgjafi og aðstoðarskólastjóri munu grafast nánar fyrir um ástæður þess að stelpurnar segja að þeim líði ekki nógu vel. Í framhaldinu verða gerðar ráðstafanir til að mæta þörfum þeirra betur ef mögulegt er.

Ábyrgð: skólastjórnendur og námsráðgjafi

Matsalur

Of margir nemendur á yngsta stigi segja að þeim líði ekki nógu vel í matsalnum. Þar er oft mikill hávaði. Við skólabyrjun í haust verður farið í sérstaka vinnu með nemendum til að minnka hávaða í matsalnum. Starfsfólki með yngsta og miðstigi verður fjölgað og áhersla lögð á að það kenni nemendum góða borðsiði.

Ábyrgð: Skólastjórnendur

Miðstig

Upplifun af einelti er eina spurningin sem víkur frá viðmiði, engin af þeim spurningum sem notaðar eru til að kanna almenna líðan gefur sambærilegar vísbendingar. Á yfirstandandi skólaári tók námsráðgjafi viðtöl við alla nemendur á miðstigi um samskipti. Niðurstaða þeirra viðtala gaf ákveðnar vísbendingar um að fjórir drengir á miðstigi áreittu önnur börn meira en ásættanlega getur talist. Farið hefur verið í mikla vinnu með viðkomandi drengjum og foreldrum þeirra en erfitt getur verið að vinna af sér slíkt orðspor.

Haldið verður áfram með vinaliðaverkefnið og nýta aðferðir Uppbyggingar til að vinna með markvissum hætti með jákvæð samskipti í öllum bekkjum.

Ábyrgð: Skólastjórnendur, umsjónarkennarar og umsjónarmaður vinaliðaverkefnis.

Unglingastig

Á unglingastigi teljum við mikilvægt að vinna að betri upplifun nemenda af sambandi þeirra við kennara. Eitt af matsverkefnum næsta vetrar er að búa til viðmið fyrir gæði kennslustunda. Við það verkefni verður bætt að búa til viðmið um góð samskipti nemenda og kennara. Þau viðmið verða unnin af kennurum á haustönn og óskað verður eftir athugasemdum frá nemendaráði skólans. Viðmiðin verða notuð í nemendakönnun vorið 2017.

Ábyrgð: skólastjórnendur

Þrautsegja er annar þáttur sem kemur veikar út hjá nemendum GÍ en öðrum.

Námsráðgjafi verður fenginn til að halda námstækninámskeið fyrir nemendur 7.-9.bekkjar á haustönn. Þar verður lögð áhersla á að gera nemendur færari um að búa verkefni niður í viðráðanlegar einingar.

Ábyrgð: skólastjórnendur og námsráðgjafi

Kannanir á líðan nemenda sýna sem betur fer að fáir nemendur upplifa einelti eða útilokun í skólanum. Þar sem það er erfitt/óraunhæft að koma alfarið í veg fyrir slíkt viljum við beina því foreldra að hafa samband við umsjónarkennara ef þeir hafa áhyggjur af félagslegri stöðu eða líðan barna sinna. Á heimasíðu skólans er einnig eyðublað sem hægt er að nota til að tilkynna grun um einelti ef slíkar áhyggjur vakna. Þar sem við vitum að aldrei er hægt að koma í veg fyrir öll samskiptavandamál sem skapast í fjölmönnum hópi barna og unglinga er markmið okkar að leysa úr öllum málum sem upp koma áður en þau verða svo stór að flokka megi þau sem einelti.

Foreldrasamstarf

Heimanám og lestur

Ennþá verður megin áhersla á að nemendur lesi alltaf heima. Áfram verður haldið með foreldraviðtal á skólasetningardegi þar sem farið verður yfir mikilvægi daglegs lesturs og línur lagðar um einstaklingsmiðað heimanám fyrir nemendur.

Í nýrri kynslóð mentors sem tekin verður í notkun í skólanum í haust er einfaldara að setja inn heimavinnuáætlun og verða allir kennarar eindregið hvattir til að nýta sér það til að auðvelda foreldrum að fylgjast með námi barna sinna. Í september verður haldin kynning fyrir foreldra á mentor.

Ábyrgð: Skólastjórnendur og umsjónarkennarar.

Aukið foreldrasamsstarf

Teymi kennara er að störfum við að útbúa aðgerðaáætlun um aukið foreldrasamsstarf. Áætluninni verður hrint í framkvæmd á skólaárinu 2016-17.

Ábyrgð: Skólastjórnendur

Starfsmenn skólans

Starfsandi

Fylgst verður vel með hvernig samskipti þróast og brugðist við eftir þörfum. Vinnuandateymi mun starfa áfram við skólann.

Trú á eigin getu

Haldin verða fjölbreytt námskeið tengd fjölmennningarlegum kennsluaðferðum fyrir starfsmenn í skólabyrjun og eins munu flestir starfsmenn fara á uppbyggingarnámskeið í nóvember. Áfram verða starfræktir leshópar um fagleg málefni. Kennarar munu skilgreina viðmið fyrir góðar kennslustundir og samskipti við nemendur. Þau viðmið ættu að auðvelda þeim að leggja mat á eigin störf.

Fylgiskjöl

Skólinn hefur ekki heimild til að birta spurningar Skólapúlsins eða Rannsóknar og greiningar og því eru einungis birtar þær kannanir sem við gerum sjálf.

I) Nemendakönnun fyrir yngsta stig

1. Ert þú strákur eða stelpa?

- ☐ Strákur
- ☐ Stelpa

2. Hvernig líður þér þegar þú ferð í skólann?

- ☐ Vel
- ☐ Hvorki vel né illa
- ☐ Illa

3. Hvernig líður þér þegar þú hugsar um kennslustundirnar?

- ☐ Vel
- ☐ Hvorki vel né illa
- ☐ Illa

4. Hvernig líður þér þegar þú hugsar um kennarann þinn?

- ☐ Vel
- ☐ Hvorki vel né illa
- ☐ Illa

5. Hvernig líður þér þegar þú hugsar um frímínúturnar?

- ☐ Vel
- ☐ Hvorki vel né illa
- ☐ Illa

6. Hvernig líður þér þegar þú hugsar um leikfimi?

- ☐ Vel
- ☐ Hvorki vel né illa
- ☐ Illa

7. Hvernig líður þér þegar þú hugsar um sund?

- ☐ Vel

- ☐ Hvorki vel né illa
- ☐ Illa

8. Hvernig líður þér þegar þú ferð í matsalinn?

- ☐ Vel
- ☐ Hvorki vel né illa
- ☐ Illa

9. Hvernig líður þér þegar þú hugsar um að lesa?

- ☐ Vel
- ☐ Hvorki vel né illa
- ☐ Illa

10. Hvernig líður þér þegar þú hugsar um stærðfræði?

- ☐ Vel
- ☐ Hvorki vel né illa
- ☐ Illa

11. Hvernig líður þér þegar þú ert á leiðinni heim úr skólanum?

- ☐ Vel
- ☐ Hvorki vel né illa
- ☐ Illa

12. Hvernig líður þér þegar þú hugsar um bekkjarfélaga þína?

- ☐ Vel
- ☐ Hvorki vel né illa
- ☐ Illa

II) Nemendakönnun fyrir miðstig

1. Ert þú stelpa eða strákur?

- ☐ stelpa
- ☐ strákur

2. Hvað átt þú marga vini/vinkonur í skólanum?

- ☐ engi
- ☐ 1-2
- ☐ 3-4
- ☐ 5 eða fleiri

3. Hvernig líður þér í skólanum núna?

- ☐ Mér líður vel.
- ☐ Mér líður ágætlega.
- ☐ Mér líður ekki vel.

4. Hvernig líkar þér oftast við skólafélaga þína?

- ☐ Mjög vel
- ☐ Vel
- ☐ Illa

5. Hve oft hefur það komið fyrir að skólafélagar þínir hafa verið vondir við þig eða sært þig í vetur?

- ☐ aldrei
- ☐ 1-3
- ☐ stundum
- ☐ oft

6. Ef skólafélagar þínir hafa sært þig í vetur, hvernig líður þér þá vegna þess núna?

- ☐ Málið er leyst og mér líður ágætlega.
- ☐ Mér líður illa vegna þessa.

7. Ef skólafélagar þínir hafa verið vondir við þig eða sært þig í vetur hvort á þá betur við?

- ☐ Það er oftast sami krakkinn sem er vondur við mig.
- ☐ Það eru margir krakkar sem eru vondir við mig.

8. Hefur þú tekið þátt í leiðinlegum hlutum gagnvart öðrum krökkum í skólanum í vetur?

- ☐ Nei, aldrei
- ☐ Já, en mjög sjaldan
- ☐ Já, oft

9. Hefur þú tekið þátt í að leggja krakka í einelti í skólanum í vetur?

- ☐ Nei, aldrei
- ☐ Já, en mjög sjaldan
- ☐ Já, oft

10. Einelti er illgirnileg eða meiðandi framkoma sem er endurtekin aftur og aftur. Hefur þú orðið fyrir einelti í skólanum í vetur?

- ☐ Já
- ☐ Nei

III) Nemendakönnun fyrir unglingastig

1. Ert þú strákur eða stelpa?

- ☐ Strákur
- ☐ Stelpa

2. Hvað átt þú marga vini/vinkonur í skólanum?

- ☐ Enga
- ☐ 1 – 2
- ☐ 3 – 4

- ☐ 5 eða fleiri

3. Hafa krakkar í skólanum strítt þér eða gert grín að þér í vetur?

- ☐ Nei
☐ Já, en mjög sjaldan
☐ Já, 2 eða 3 í mánuði
☐ Já, einu sinni í viku
☐ Já, oft á viku

4. Hvernig hafa krakkar tekið þig fyrir eða gert grín að þér í vetur? (má merkja við margt)

- ☐ Ég hef ekki lent í óþægilegum samskiptum í vetur
☐ Mér hefur verið strítt
☐ Mér hefur verið hrint eða ég laminn
☐ Ég hef verið hafður/höfð útundan
☐ Mér hefur verið hótað eða ógnað
☐ Það hefur verið logið upp á mig eða sagðar sögur um mig
☐ Ég hef fengið ljót sms eða ummæli á netinu

annað 


5. Hefur þú verið með í að stríða öðrum nemendum í vetur?

- ☐ Nei
☐ Já en mjög sjaldan
☐ Já, 2 eða 3 í mánuði
☐ Já, einu sinni í viku
☐ Já, oft á viku

6. Hvernig hefur þú verið með í að stríða öðrum nemendum í vetur? (má merkja við margt)

- ☐ Ég hef ekki verið með í neinu slíku
☐ Ég hef strítt
☐ Ég hef hrint eða lamið
☐ Ég hef haft útundan
☐ Ég hef hótað eða ógnað

- ☐ Ég hef logið eða sagt sögur um aðra
- ☐ Ég hef skrifað ljót sms eða sagt leiðinlega hluti á netinu

annað 

7. Veist þú um krakka sem hefur orðið fyrir einelti í skólanum okkar í vetur?

- ☐ Já
- ☐ Nei

8. Hvar telur þú líklegast að krakkar verði fyrir einelti? (má merkja við margt)

- ☐ Á skólalóðinni
- ☐ Í tímum
- ☐ Í tímum þegar kennarar fara fram
- ☐ Á klósettinu
- ☐ Í íþróttatímum
- ☐ Í búningsklefum
- ☐ Í matsal
- ☐ Í strætó
- ☐ Á leiðinni í eða úr skólanum
- ☐ Með sms
- ☐ Á netinu

9. Hefur þú horft á þegar aðrir hafa verið lagðir í einelti í vetur?

- ☐ Nei
- ☐ Já en mjög sjaldan
- ☐ Já, 2 eða 3 í mánuði
- ☐ Já, einu sinni í viku
- ☐ Já, oft á viku

10. Hefur þú tekið þátt í að leggja aðra krakka í einelti í vetur?

- ☐ Já
- ☐ Nei

11. Hefur þú orðið fyrir einelti í vetur?

- ☐ Já
- ☐ Nei

12. Ef þú hefur orðið fyrir einelti í vetur í hvaða árgangi eru krakkar sem hafa lagt þig í einelti?

- ☐ Hef ekki orðið fyrir einelti
- ☐ 1b
- ☐ 2b
- ☐ 3b
- ☐ 4b
- ☐ 5b
- ☐ 6b
- ☐ 7b
- ☐ 8b
- ☐ 9b
- ☐ 10b
- ☐ veit það ekki

13. Annað sem þú vilt taka fram um samskipti?



14. Telur þú að stelpur og strákar hafi samskonar tækifæri til þátttöku í námi hér í skólanum?

- ☐ Já
- ☐ Nei
- ☐ Veit ekki

15. Telur þú að stelpur og strákar hafi samskonar tækifæri til þátttöku í atvinnulífi?

- ☐ Já
- ☐ Nei
- ☐ Veit ekki

16. Telur þú að stelpur og strákar hafi samskonar tækifæri til þátttöku í íþróttum?

- ☐ Já
- ☐ Nei

☐ Veit ekki

17. Telur þú að stelpur og strákar hafi samskonar tækifæri til þátttöku í félagslífi?

☐ Já

☐ Nei

☐ Veit ekki

18. Annað sem þú vilt taka fram um jafnrétti?

IV) Foreldrakönnun

V) Foreldrakönnun, vor 2016.

Athugið! Á síðu tvö eru spurningar sem aðeins foreldrar barna í 1. - 4. bekk eru beðnir að svara.

Í hvaða bekk er barnið þitt?

☐ 1.b

☐ 2.b

☐ 3.b

☐ 4.b

☐ 5.b

☐ 6.b

☐ 7.b

☐ 8.b

☐ 9.b



--	--

78

Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri vegna skólstarfsins?

8. Hversu oft hefur þú leitað til stjórnenda skólans á þessu/síðasta skólaári með mál er varða..

	aldrei	1-2 sinnum	3-5 sinnum	6-9 sinnum	oftar
Samskipti?	☐	☒	☐	☐	☐
Nám eða kennslu?	☐	☒	☐	☐	☐
Annað en að ofan greinir?	☐	☐	☐	☐	☐

9. Hvernig finnst þér að að leita til stjórnenda skólans með mál tengd skólagöngu barnsins þíns?

- ☐ Mjög auðvelt
- ☐ Frekar auðvelt
- ☐ Hef ekki reynslu af því
- ☐ Frekar erfitt
- ☐ Mjög erfitt

10. Hafa stjórnendur lagt sig fram við að leysa úr viðfangsefnum sem þú hefur komið með til þeirra?

- ☐ Alltaf
- ☐ Oftast
- ☐ Hvorki né
- ☐ Sjaldan
- ☐ Aldrei
- ☐ Hef ekki reynslu af því

11. Hafi komið upp mál varðandi þitt barn í skólanum, hvernig var það leyst?

- ☐ Hef ekki reynslu af slíku
- ☐ Málið var leyst með jákvæðum hætti fyrir barnið
- ☐ Málið var leyst með neikvæðum hætti fyrir barnið
- ☐ Engin lausn fannst

Annað sem þú vilt taka fram

12. Hvernig líkaði þér nýtt fyrirkomulag á skólasetningu, sem viðhaft var í haust?

- ☐ Vel
☐ Hvorki vel né illa.
☐ Illa

13. Hversu gagnlega telur þú markmiðssetninguna í haust hafa verið fyrir þitt barn?

- ☐ Mjög gagnlega
☐ Nokkuð gagnlega
☐ Ekki gagnlega

Annað sem þú vilt taka fram vegna markmiðssetningarinnar í haust?

Foreldrakönnun, vor 2016.

+ Add Page Title

14. Hvernig líkar þér frístundin fyrir nemendur í 1.-4. bekk?

- ☐ Mjög vel.
☐ Frekar vel.
☐ Frekar illa.
☐ Mjög illa.

Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri vegna frístundarinnar?

15. Eru einhver ný viðfangsefni sem þú vildir sjá inni í frístundinni?

Takk fyrir þátttökuna